

Sb.

33. Tillaga til þingsályktunar

um framkvæmd laga um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Flm.: Jakob Möller, Jóhann Jósefsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um:

1. Að innflutningur á kornvöru og nýlenduvöru verði gefinn frjáls frá næstu áramótum, þar sem það hefir sýnt sig, að innflutningur á þeim hefir undanfarin ár verið veittur eftir neyðþörfum landsmanna.
2. Að núverandi starfsreglugerð gjaldeyris- og innflutningsnefndar verði úr gildi felld og ný reglugerð gefin út, þar sem meðal annars öllum kaupmönnum, smásölum sem heildsölum, séu tvímælalaust tryggð sömu réttindi til innflutnings

- og pöntunar- og kaupfélögum, og réttur þeirra neytenda, sem kjósa að skipta við kaupmannaverzlanir, sé viðurkenndur til jafns við rétt annara neytenda.
3. Að birt verði þegar í byrjun hvers árs áætlun gjaldeyris- og innflutningsnefndar yfir innflutning þann, sem veita á á árinu, og sé áætlun þessi svo greinileg, að hver innflytjandi geti sjálfur séð, hve mikinn innflutning hann á að fá á því tímabili, sem áætlunin nær yfir, samkvæmt reglum nefndarinnar um úthlutun.
 4. Að framvegis verði engin leyfi veitt til einstaklinga, sem engan verzlunarrekstur hafa.
 5. Að betra eftirlit sé haft með því en hingað til hefir verið, að vörur, sem leyfðar eru til iðnaðar, séu í raun og veru notaðar til hans, en ekki seldar óunnar sem verzlunarvara, og þess sé vandlega gætt, að innflutningsleyfi, sem hljóða um efnivörur til iðnaðar, séu ekki notuð til að flytja inn nálega eða alveg fullunnar vörur. Ennfremur að hert sé á lögregluftirliti með því, að á millilandaskipunum séu ekki hafðar á boðstólum vörur, meðan þau liggja í höfn.
 6. Að innflutningsleyfin verði veitt með nægum fyrirvara, og að minnsta kosti ekki síðar en viðkomandi úthlutunartímabil byrjar, og að fyrirspurnum og umsóknium til gjaldeyris- og innflutningsnefndar sé jafnan svarað fljótt og greiðlega.
 7. Að Verzlunarráð Íslands og Samband íslenzkra samvinnufélaga fái heimild til að skipa trúnaðarmenn, er taki við og athugi kærur, er fram kunna að koma frá innflytjendum út af úthlutun innflutningsleyfa, enda veitist þessum trúnaðarmönnum aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum gjaldeyris- og innflutningsnefndar varðandi úthlutunina.
 8. Að úthlutun bankanna á gjaldeyri til greiðslu á andvirði innfluttra vara verði á hverjum tíma í sem réttustum hlutföllum við úthlutun innflutningsleyfa, þannig að jafnt gangi yfir alla þá innflytjendur, sem leyfi hafa fengið.

Á s t æ ð u r .

Þessi tillaga til þál. er samhljóða breytingartillögu við till. til þál. á þskj. 43 frá sömu flm., er fram komin á síðasta þingi, en varð þá eigi útrædd.

Flm. líta svo á, að það ástand, sem er í gjaldeyrismálum landsmanna, sé nú orðið svo alvarlegt, að Alþingi komist ekki hjá því að hlutast til um endurskoðun á því skipulagi, sem nú er á þessum málum.

Nánar í framsögu.